

Mál nr. 44/2014**M og****V vegna slysaftryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.****Tilkynningafrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna umferðarslyss 6. júlí 2011.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 6. febrúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. febrúar 2014 ásamt tjónstilkynningu dags. 20. mars 2013.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M lenti í umferðaróhappi þann 6. júlí 2011 á aðrein að Vesturlandsvegi. Haft er eftir M í Í skýrslunni kemur að hún finni ekki til eymsla en ætli að leita á slysadeild vegna slyssins. Í læknisvottorði kemur fram að hún leitaði til læknis 12. ágúst sama ár sem og 8. september vegna afleiðinga þessa slyss og 5. október 2011 fær hún endurnýjun lyfja. Í maí 2012 leitaði M næst til læknis vegna afleiðinga slyssins þegar hún fann fyrir einkennum í tengslum við erfiðisvinnu, þá leitaði hún einnig til læknis 4. september 2012 og til sérfræðings í höfuðbeina- og spjaldhryggsmæðferð í nóvember 2012. Slysið var tilkynnt til V 1. mars 2013.

M telur að hún hafi fyrst vitað um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga í nóvember 2012 þegar hún byrjaði í mæðferð hjá sérfræðingi í höfuðbeina- og spjaldhryggsmæðferð, alla vega ekki fyrr en í maí 2012 þegar hún leitar til læknis eftir að hafa verið vetrarlangt erlendis þar sem einkenni hennar vegna slyssins voru mun vægari.

V telur M hafi vitað um atvik að baki kröfu sinni í skilningi umræddrar greinar í september 2011 þegar hún leitaði aftur til læknis vegna einkenna sem hún hafði lýst í ágúst sama ár og fékk tilvísun til sjúkraþjálfunar. V telur að með vísan til þess að einkenni hafi ekki breyst frá þeim tíma að M hafi mátt vera atvikin ljós þá. Þess vegna hafi ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga verið liðinn þegar M tilkynnti tjónið til V í mars 2013 eða um 20 mánuðum eftir tjónsatvikið sjálft. V vísar til fjölmargra úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Meta þarf sérstaklega atvik hverju sinni þegar reynir á hvenær vátryggður fær vitneskju um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Varðandi kröfu um bætur fyrir varanlegt líkamstjón verður, í ljósi dómaframkvæmdar Hæstaréttar, að líta til þess hvenær honum eru slíkar afleiðingar kunnar. Með hliðsjón af læknisfræðilegum gögnum í þessu máli telur nefndin hæpið að ætla að tveimur mánuðum eftir tjónsatburð hafi M verið slíkar afleiðingar kunnar eins og V heldur fram. Þegar hún leitar til læknis í maí 2012 vegna sömu einkenna verður hins vegar að líta svo á að slík vitneskja hafi stofnast. Það þýðir að tilkynningafrestur var ekki liðinn þegar slysið var tilkynnt til V 1. mars 2013 og hefur M því ekki misst rétt til bóta hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík 14. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.